

Forvarnarstefna Hvalfjarðarsveitar.

Forvarnarstefna sveitarfélagsins tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til 20 ára aldurs og beinist að bæði almennum- og sértækum forvörnum.

Í almennum forvörnum felst að skapa fjölskylduvæn uppeldisskilyrði í sveitarfélaginu sem er lykilatriði í andlegri- og líkamlegri vellíðan barna og ungmenna svo þau fái notið bernsku sinnar og unglingsára og þroskast sem heilbrigðir og virkir einstaklingar í lýðræðisþjóðfélagi.

Í sértækum forvörnum felast tímabundnar aðgerðir eða átaksverkefni byggðar á niðurstöðum rannsókna og eða þekkingar fagaðila sem vinna innan stofnana og félagasamtaka sem koma að forvarnarmálum m.a. í Hvalfjarðarsveit.

Árangursrík forvarnarvinna byggist á góðri samvinnu og samráði allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun og annari vinnu með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu.

Markmið.

- Að stuðla að heilbrigði og lífsgæðum barna, ungmenna, fjölskyldna og íbúa Hvalfjarðarsveitar
- Að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og tryggja uppeldisskilyrði þeirra.
- Leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna og ungmenna og styrkja félagsfærni þeirra.
- Að börn og ungmenni í sveitarfélaginu séu ávallt betri en landsmeðaltal í niðurstöðum Rannsókn og greiningu, Landlæknisembættis og öðrum rannsóknum og könnunum sem teljast áreiðanlegar og nothæfar á þessu sviði.
- Efla fræðslu um forvarnir fyrir börn og ungmenni, foreldra og starfsmenn sem vinna með börnum og ungmennum.
- Efla samvinnu og samráð allra sem koma að uppeldi, kennslu, þjálfun og annarri vinnu með börnum og ungmennum.

Leiðarljós.

- Foreldrar gegna lykilhlutverki.
Hvatning foreldra, aðhald, stuðningur og eftirlit skiptir sköpum fyrir velliðan og farsæld barna og ungmenna. Samvera barna og foreldra hefur mikið forvarnarlegt gildi. Góð tengsl milli barna og foreldra minnka líkur á að börn og ungmenni stundi áhættulífsstíl þ.e. neyti vímuefna og eða leiðist út í afbrot.
- Jákvæð og sterk sjálfsmynd, sjálfsvirðing og sjálfsagi.
Mikilvæg leið í forvörnum er að styrkja sjálfsmynd barna og ungmenna svo þau verði öruggir og sterkir einstaklingar sem geta tekið hrósi jafnt sem gagnrýni og komi fram með sjálfstæðar og skynsamlegar ákvarðanir. Sjálfsvirðing og sjálfsagi hafa áhrif á hegðun, líðan, námsárangur og tómstundapátttöku barna og ungmenna
- Heilbrigðir lífshættir.
Góð heilsa er lykill að lífsgæðum og hefur áhrif á andlega, líkamlega og félagslega líðan barna og ungmenna. Heilbrigðir lífshættir og lífsstíll hafa mikið forvarnarlegt gildi. Í því felst að borða holla og næringarríka fæðu, stunda reglulega hreyfingu, þátttaka í fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarfi og vinna markvisst gegn neyslu vímuefna.
- Samfella í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi.
Samfelldur vinnudagur barna og ungmenna styttir vinnudag þeirra og fjölskyldan getur notið lengri samverustunda. Einnig er stuðlað að nægum svefn- og hvíldartíma barna og ungmenna. Í forvarnarvinnu er mikilvægt að hlúa vel að fjölskyldunni og skapa fjölskylduvænt umhverfi í sveitarfélaginu.
- Fordómalaust samfélag.
Fordómar eru ekki meðfæddir, þeir lærast. Þess vegna er mjög mikilvægt að aðilar sem koma að uppeldi, kennslu, þjálfun og annari vinnu með börnum og ungmennum sýni gott fordæmi og tileinki sér fordómaleysi, umburðarlyndi, jákvæðni og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í samskiptum manna í milli.

Áherslur Hvalfjarðarsveitar eftir aldri:

Frumbernskan

0-2 ára

Áhersla: Frumþarfir og tengslamyndun.

Leikskólaaldur

2-5 ára

Áhersla: Á umhyggju, aga og hvatningu.

Fyrri grunnskólaár

6-12 ára

Áhersla: Grunnur lagður að heilsteyptri sjálfsmynd og sjálfsvirðingu.

Seinni grunnskólaár

13-15 ára

Áhersla: Samvera með foreldrum, styrking sjálfsmyndar og félagsfærni.

Framhaldsskólaaldur

16-20 ára

Áhersla: Á eftirlit og stuðning foreldra um leið og persónulegt sjálfstæði er aukið.

Pannig samþykkt af vinnunefnd um mótun forvarnarstefnu 16. nóvember 2011. Í nefndinni sitja Karl Marinósson félagsmálastjóri, Hannessína Ásgeirsdóttir, Arna Arnórsdóttir og Björn Páll Fálki Valsson æskulýðsfulltrúi.